



Velferðarstefna í mótun



Staða vinnu við velferðarstefnu





Aðferðafræði og vinnsluferli

- Samþykkt á fundi velferðarráðs
20. september 2019 að hefja stefnumótun.
- Stýrihópur, ráðgjafi og verkefnisstjóri



Greining

Staðan í dag:



Úrvinnsla



Innleiðing





Greining

- **18** djúpvíðtöl (2-3 klst hvert) við einstaklinga tengda velferðarmálum, s.s. lögreglustjóra, varaformann ÖBÍ, fulltrúa félagsmálaráðuneytis, sviðsstjóra skóla og frístundasviðs o.fl.
- **20** rýnifundir með um **130** starfsmönnum velferðarsviðs og fjölmörgum samstarfs- og hagsmunaaðilum innan og utan borgar
- Netkönnun meðal starfsfólks og hagsmunaaðila í júní 2020 (**241 svör bárust**)
- Íbúagátt á þremur tungumálum þar sem fólk gat lýst skoðun sinni og reynslu af velferðarþjónustu opin frá júní til júlí 2020 (**423 svör bárust**)





Úrvinnsla

- Stýrihópur velferðarstefnu tók til starfa í janúar og starfaði út desember 2020
- Á þessum tíma hittist hópurinn á **4** formlegum fundum og vinnustofum til úrvinnslu
- **Þekkingardagur velferðarsviðs - ÞEKKVEL** – var haldinn 22. september 2020.
- Þar hittust tæplega **300** manns á **35** vinnustofum í fjarfundi; starfsfólk, hagsmuna-aðilar, notendur þjónustu og kjörnir fulltrúar
- Unnið var með stefnuskjalið og helstu áherslur





Úrvinnsla

Í úrvinnslupætti standa eftir:

- Gerð aðgerðaáætlunar
- Undirbúningur stjórnskipulagsbreytinga
- Úrvinnsla á umsögnum af Betri Reykjavík fyrir íbúa (þrjú tungumál, opið til 16. apríl)
- Úrvinnsla úr umsagnagátt fyrir starfsfólk og hagsmunaðila (þrjú tungumál, opið til 16. apríl)





Velferðarstefnan sjálf





Reykjavík – fyrir okkur öll

Velferðarstefna Reykjavíkurborgar er rammi utan um metnaðarfullt og mannvænt velferðarstarf sem hefur það að markmiði að auka lífsgæði og stuðla að því að allir Reykvíkingar eigi kost á að lifa með reisn.

Við bjóðum margskonar þjónustu við einstaklinga og fjölskyldur en horfum ekki síður til forvarna og samfélagsins alls.

Velferðarstefnan er hugsuð sem vegvísir fyrir borgarbúa og um leið fyrir starfsfólk sem veitir þjónustuna. Áfram eru til stefnur í einstaka málaflokkum, s.s. í húsnæðismálum, málefnum aldraðra og málefnum fatlaðs fólks. Við mótun stefnunnar hlustuðum við á fjölbreyttar raddir borgarbúa, starfsmanna, samstarfsaðila og kjörinna fulltrúa.

Markmið borgarinnar er að auka lífsgæði fólks og tryggja að Reykjavík sé sannarlega fyrir okkur öll.






Framtíðarsýn

Í Reykjavík er veitt velferðarþjónusta sem stuðlar að góðri líðan íbúa og við upplifum að Reykjavík sé fyrir okkur öll.

Í þessari framtíðarsýn er orðanna hljóðan hvati fyrir velferðarsvið til að starfa í þeim anda sem hún lýsir.

Framtíðarsýnin er sett fram sem hvatning til góðra verka.





Hlutverk

***Velferðarsvið stuðlar að auknum
lífsgæðum sérhvers íbúa
Reykjavíkur.***

Tilvist velferðarsviðs byggir á
að vera vakandi fyrir þörfum og líðan íbúa.

Markmiðið er að sýna frumkvæði og
bregðast við
fjölbreyttum þörfum einstaklinga og
fjölskyldna fyrir velferðarþjónustu.





Gildi

Virðing

Við berum virðingu fyrir öllum þeim sem við eigum í samskiptum við. Við fögnum fjölbreytileika og komum fram við fólk eins og við viljum að komið sé fram við okkur.

Virkni

Við viljum að allir geti tekið virkan þátt í samfélaginu á eigin forsendum. Við vinnum að því að efla frumkvæði og sjálfstæði notenda og starfsfólks velferðarþjónustu.

Velferð

Við erum leiðandi í umræðu um velferðarmál og lífsgæði borgarbúa. Við vinnum að lausnum og veitum skilvirka velferðarþjónustu sem tekur mið af þörfum hvers og eins.



Stefnumarkandi áherslur velferðarstefnu

- 1 Engir tveir eru eins
- 2 Nálægð og aðgengileiki
- 3 Þjónustulipurð og skilvirkni
- 4 Virðing og umhyggja
- 5 Frumkvæði og forvarnir
- 6 Samtal og samráð
- 7 Fagmennska og framsýni

